

Alþingi
Erindi nr. P 127/1952
komudagur 127/1952R



Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 15. apríl 2002

Tilvísun: HÍ02040008/004

Umsögn: Frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands, 649. mál.

Með frumvarpinu er verið að staðfesta stöðu Tækniskólans á háskólastigi og breyta innra stjórnkerfi hans til samræmis við almenn lög um háskóla.

Með frumvarpinu er stefnt að því að gera nám í Tækniskólanum líkara námi í Verkfræðideild Háskóla Íslands og tæknifræðinámið líkara verkfræðináminu. Gert er ráð fyrir að kennarar hafi rannsóknarskyldu og að skólinn starfræki rannsóknastofnanir.

Í 3. gr er fjallað um kröfur til kennara, og þar er mikil áhersla lögð á fræðilega kunnáttu, en minni áhersla lögð á verklega þekkingu þeirra. Krafa er um meistarapróf hið minnsta fyrir lektora dósentna og prófessora í samræmi við lög um háskóla frá 1997. Þetta þýðir að ekki verður hægt að ráða tæknifræðinga til kennslu í tæknifræði því þeir hafa ekki þessa prófgráðu. Tæknifræðingar sem fara í framhaldsnám verða verkfræðingar og fá meistaragráðu í verkfræði.

Ekki er minnst á tengingu við atvinnulífið, og mestar líkur eru á því að námið þróist meira eða minna í sama farveg og verkfræðinámið við Háskóla Íslands. Þetta mun leiða til þess að nám í tæknifræði leggst af.

Ljóst er að í dag er einungis um þriðjungur nemenda við Tækniskóla Íslands nemendur í tæknigreinum (þ.e. 230 manns), hinn hlutinn er í rekstrarnámi á háskólastigi eða í frumgreinadeild sem er á framhaldsskólastigi (420). Það er því hæsta máta óeðlilegt að kalla skólann "Tækniháskóla Íslands", þar sem aðeins lítil hluti hans er á tæknisviði.

Verkfræðideild Háskóla Íslands er þátttakandi í samstarfi norrænna tækniháskóla, Nordtek. Skilyrði til þátttöku í því samstarfi er að skólarnir stundi rannsóknir og brautskrái fólk með doktorspróf í verkfræði. Tækniskóli Íslands fullnægir því skilyrði ekki.

Nemendur í tæknifræði eru í dag fáir á hverju sérsvið og erfitt mun reynast að reka skólann samkvæmt þeim reglum um fjárveitingar sem háskólar búa við. Í þeim reglum er gert ráð fyrir að 30 nemendur séu í hverju námsskeiði, en því fer fjarri í tæknifræðinámi í dag. Það verður því örðugt fyrir þennan nýja skóla að uppfylla þær væntingar sem nemendur gera réttilega til hans.

Háskóli Íslands telur skynsamlegt að hugað verði að öðrum kostum en þeim að setja á laggirnar nýjan háskóla og vill benda á eftirfarandi hugmyndir sem þyrfti að að kanna og ræða miklu betur en gert hefur verið:

1. Tækniskólinn verði sjálfstæð deild í Háskóla Íslands með sérstakri áherslu á að styrkja hagnýtar rannsóknir í verklegum og tæknilegum efnum.
2. Tækniskólinn verði að sérstakri skor innan verkfræðideildar Háskóla Íslands.

Varðandi síðari kostinn vísast í meðfylgjandi hugmyndir og tillögur Sigurðar Brynjólfssonar, prófessors.

Um fyrri kostinn hefur ekki verið fjallað, en við blasir að það muni efla Tækniskólann fræðilega og geti falið í sér hagræðingu frá því sem nú er að tengjast Háskóla Íslands sem sjálfstæð deild. Slíkt er einnig í fullu samræmi við stefnu Háskóla Íslands að efla ennfrekar hagnýtar rannsóknar í þágu atvinnulífsins og byggja upp nán tengsl við þekkingariðnað í fyrirhuguðum vísindagörðum.



Rektor Háskóla Íslands



Forseti verkfræðideildar